

Naustaskóli, haust 2024



**Starfsáætlun 8.-10. bekkjar skólaárið
2024 - 2025**

Námsumhverfi og skipulag

Í deildinni er 121 nemandi í þremur árgöngum og er árganga blöndun. Umsjónarkennari er með um 16-18 nemendur í sínum hóp. Hverjum árgang er skipt upp í tvo námshópa. Í vinnustundum er blöndun árganga en í faggreinum er árgöngum kennt. Í teymi unglíngadeildar eru 8 kennarar, 1 Ísat kennari og 2 stuðningsfulltrúar. Hver kennari hefur sitt fag sem hann, ásamt teyminu heldur utan um. Fögunum er skipt á eftirfarandi hátt á milli kennara:

- 2 í stærðfræði
- 2 í íslensku
- 1 í ensku
- 1 í dönsku
- 1 í náttúru- og samfélagsfræði
- 2 í Dam
- 1 stoðkennari er í teyminu.
- Í september '24 eru 2 stuðningfulltrúar starfandi í unglíngadeild.

Kennarar eru í 100% starfi og hitta sinn umsjónarhóp á mánudögum og föstudögum. Þar hafa nemendur tækifæri til þess að setja málefni á dagskrá. Að jafnaði stjórnar kennari umræðunni og eru ýmis mál rædd. Samvinna við list-

og verkgreinakennara og íþróttakennara er góð og ef samþætt er við þær námsgreinar eru allir boðnir og búnir til þess.

Kennsluhættir

Hver kennari hefur sína áherslur og kennsluaðferðir í sinni kennslustund. Með slíku fyrirkomulagi er fjölbreytni og uppbrot á deginum hjá nemendum tryggð. Rauði þráðurinn er þó alltaf sjálfstæði nemenda og að þeir nýti tæki og þekkingu sína til þess að finna upplýsingar. Til að undirbúa nemendur fyrir komandi nám á herra skólastigi eru kennarar líka með stýrðar kennslustundir þar sem nemendur þurfa að fylgja eftir fyrirmælum kennara.

Hver kennari er klár með sína náms- og kennsluáætlun fyrir veturinn í upphafi árs. Kennt er í lotum og eru nemendur þjálfaðir í próftöku, að halda áætlun og skila inn verkefnum á réttum tíma.

Samþætting námsgreina er töluverð og er gerð á margvíslegan hátt. Þema er kennt á miðvikudögum í tveimur 40 mínútna kennslustundum. Þar er lögð mikil áhersla á árgangablöndun. Ýmis þemu verða í gangi í vetur og má þar nefna Draumalandið, Unglingafræðarinn, útivist á Akureyri. Við skil verkefna er höfðað til áhugasviðs nemenda.

Skil geta verið á mjög fjölbreyttan hátt í flestum námsgreinum og fá nemendur val við skil hvort sem er á hefðbundin eða verklegan hátt.

Unnið er markvisst með lestur. Í 8. bekk eiga nemendur að lesa fjórar bækur yfir skólaárið, tvær valdar af kennurum og tvær af þeim sjálfum. Í 9. bekk eru bækurnar fimm, tvær valdar kennurum og þrjár af nemendum. Í 10. bekk velja nemendur fjórar bækur sjálf og kennarar tvær. Markmið er að tengja hvern nemenda við Læsir og þá geta foreldrar fylgst með lestri barna sinna.

Unglingadeildin er að leggja áherslu á ritun og miðlun innan Læsisstefnu Akureyrarbæjar. Þar vinnur deildin að mestu á þrepi 5 og 6. Við ætlum að styðja við nemendur okkar með því að efla þá í að skrifa frá eigin brjósti, efla eigin rödd og móta persónulegan stíl. Þar að auki viljum við hvetja nemendur til að skrifa á skapandi hátt og gera tilraunir með form, aðferðir og innihald.

Mikilvægt er að bókasafn skólans sé vel búið bókum þar sem nýjustu bækur eru til staðar.

Grunnþættir menntunar

Sköpun er sá grunnþáttur menntunar sem við sjáum allt um kring, vissulega fléttast hann afar mikið við list- og verkgreinar þar sem nemendur vinna mikið í höndunum og sköpunargleði þeirra fær að njóta sín. Allt þemanám þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum er hluti af sköpun, þegar nemendur fá val um hvernig verkefni þeir vilja skila hvort sem um er að ræða veggspjald, kynningu eða hlaðvarp það er allt hluti af sköpun.

Heilbrigði og velferð, nemendur okkar fara í íþróttir og sund í hverri viku. Í heimilisfræði og á bekkjarfundum ræðum við ýmis málefni sem stuðla að heilbrigði og velferð. Hvað er hollur matur, af hverju er mikilvægt að borða hollan mat og hreyfa sig. Nemendur okkar fá einnig fræðslu frá skólahjúkrunarfræðingi sem ræðir um mikilvægi næringar, svefnis og hreyfingar.

Jafnrétti tengist allri vinnu í tengslum við Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna því Naustaskóli er Réttindaskóli UNICEF. Hluti af því er að láta nemendur okkar vera virka þátttakendur í öllu skólastarfi, að rödd þeirra fái að heyrast. Á bekkjarfundum vinnum við með verkefni Jákvæðs aga, á þeim fundum eru tekin fyrir mál á dagskrá þar sem nemendur ræða atvik sem upp hafa komið og þarf að leysa. Læsi er sá hluti náms sem fylgir okkur alla daga, öllum stundum.

Með lýðræði kennum við nemendum okkar að vera góðir samfélagsþegar og lifa í sátt og samlyndi við náungann burt sé frá því hvernig hann er. Það er hlutverk okkar fullorðinna sem koma að kennslu og uppeldi barna að kenna þeim lýðræði í gegnum allt daglegt skólastarf, að bera virðingu fyrir hvort öðru, hlusta á hvort annað og virða skoðanir hvers annars.

Námssvæði

Hver kennari hefur sitt kennslusvæði og eru stundatöflur fyrir hvert námssvæði gerðar í upphafi árs. Síðasta árið hefur unglingateymið sett aukna áherslu á að hafa markmið lotunnar sýnileg á svæðum. Tilgangurinn með því er að gera nemendum ljóst hvers til er ætlast. Inni á mentor eru markmið og fá nemendur tilkynningar þegar hakað er við þegar hakað er við markmið. Einstaklingsmiðun verkefna fer að mestu fram á Classroom. Það er gert þar vegna þess að þannig geta kennari og nemandi auðveldlega miðlað verkefnum og öðru sín á milli.

Námsmat

Lagt er fyrir fjölbreytt námsmat sem er lagt fyrir jafnt og þétt yfir skólaveturinn. Við leggjum m.a fyrir kannanir, ritgerðir, einstaklings-, para og hópverkefni, sjálfsmat og jafningjamat svo eitthvað sé nefnt.

Leiðsagnarmat er haft að leiðarljósi til að stuðla að nemendum ígrundi eigin stöð og átti sig betur á því sem þeir þurfa að bæta sig í. Það er einnig gert með aukinni áherslu á jafningjamat. Kennarar haka reglulega við markmið í mentor sem er sýnilegt nemendum og foreldrum í hvert sinn.

Nemendasamtöl eru tvisvar yfir skólaveturinn. Fyrra samtal er í október þar sem farið er yfir líðan og stöðu nemandans og seinna viðtalið er eftir áramót og þá er það nemandi sem stýrir samtalinu.

Foreldrasamstarf

Haldnir eru haustfundir í september. Þar eru viðfangsefni vetrarins rædd og kynnt fyrir foreldrum. Einnig er farið vel í það hvernig kennarar miðla verkefnum, einkunum og öðrum mikilvægum upplýsingum til foreldra og nemenda. Að auki er foreldrum gefið tækifæri til að koma einhverju á framfæri. Miðað er við að bjóða foreldrum í heimsóknir við ákveðin tækifæri. Þar má nefna 600 Mathöll og ýmis verkefni sem unnin eru t.d á þemadögum og í þemu unglingadeildar.

Teymiskennsla

Við vinnum saman í teymi, berum sameiginlega ábyrgð. Nýtum styrkleika hvers og eins og lærum hvert af öðru. Við leggjum saman línurnar fyrir áherslur vetrarins. Teymið hefur skýra verkaskiptingu. Markmið teymisins er að öll deili ábyrgð til jafns og að styrkleikar hvers og eins séu markvisst nýttir á þann hátt sem kemur bæði starfsfólki og

nemendum best. Kennarateymið ætlar í samstarfi við stjórnendur skólans að tileinka sér starfshætti leiðsagnarnáms.

Starfsfólk í teyminu skiptir með sér hlutverkum yfir skólaárið. Hlutverkin eru:

- Formaður
- Ritari
- Skemmtanastjóri

Formaður sér um að halda utan um málefni á dagskrá á fundum og fundarstjórn. Ritari sér um að rita fundargerðir á fundum og skrifa tölvupósta til foreldra nemenda með upplýsingar um dagskrá og viðburði sem eiga sér stað. Skemmtanastjóri sér um að koma með bakkelsi á fund að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu.

Teymið fundar formlega tvisvar sinnum í viku. Á mánudögum er skipulagsfundur teymis og að auki er farið yfir nemendamál ef þörf er á því. Á þriðjudögum er fundað með deildarstjóra þar sem farið er yfir trúnaðar- og nemendamál til skiptis. Stjórnandi sem heldur utan mál unglingsdeildar er Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir.